

Strandgata 75 Hafnarfirði.

Verkefnið: Strangata 75 Hafnarfirði.  
Eignarhluti 01-02. Matshluti 01. Landnúmer: 122433

Byggingalýsing:

Verkefnið sem hér er til umfjöllunar, er veitingastaður „pizza-framleiðsla“ (Napoli Pizza), sem er í flokki II. sbr. Reglugerð nr. 1277 / 2016 um veitingastaði, gistaðaði og skemmtianahald, 17 gr. „Flokkun veitingastaða“.  
Tegund veitingastaða í flokki C; veitingastofa og greiðasala sbr. 18. gr. „Tegund veitingastaða“.  
Starfsmannafjöldi er 4-5 starfsmenn að jafnaði.  
Fjöldi sæta fyrir gesti til að borða á staðnum eru allt að 52 sæti.  
Napoli Pizza er veitingastaður sem selur mat til að taka með sér, en einnig er veitingasalur fyrir allt að 52 til að borða á staðnum. Veitingastaðurinn sérhæfir sig í sölu á pizzum.

Öll kjötværa kemur á staðinn forelduð, og engin matvælaframleiðsla á sér stað á staðnum önnur en að brauð-deig er hnoað á staðnum, og álegg og ostur sett á deigið, eldamennska á staðnum fer einungis fram í Pizzaofninum, en ofninn er rafmagnsöfn, af bestu gerð. „Neapolis 9 frá Ítalska framleiðandahúsi Moretti“.

Allt hráefni kemur tilbúið á staðinn.  
Matvælavaskur er einungis notaður fyrir grænmeti.

Annars gildir að loftræsting húsnæðisins er samkvæmt gildandi reglugerðum, öll lokuð rými verða loftræst vérrænt.

Lögmál á áhersla á að gengið sé frá rafliðgnum með hreinlæti í huga.

Búningsaðstaða er einungis til fataskipta. Engar þvottavélur verða í rýminu.

Ekkert um breytingar á útliti hússins að ræða, ekki heldur breytingar á lóð og bílastæðum.

Eignarhlutinn er óbreyttur að stærð.

Sorpgæðigámur eru sameiginlegir með öðrum fyrirtækjum í húsinu og eru staðsettir í norð-vestur horni lóðarinnar.

Almennt á það við að öll byggingarefni í byggingunni skulu vera vottuð og uppfylla ákvæði byggingareglugerðar.

Byggingin er staðsteypt.

Á tröppur við Strandgötu skal setja handrið/ handlista.

Handrið skulu smíðuð úr 42 mm ryðfríum stálörum.

Rörin skulu boltuð fest í steypar tröppur með 12\*120 mm múrbolnum 3 stk. pr. stoð.

Breytingar á innra fyrirkomulagi: Um er að ræða minniháttar innri breytingar á veitingastað p.e. eignarhluta 01-02 á 1. hæð Strandgötu 75.

Fyrir breytingar sem hér eru sýndar, hefur eignarhlutinn verið nýttur til matvæla framleiðslu, „pizzustaður“ áfram mun vera starfræktur pizzustaður ein og af framan segir með breytingum á innra fyrirkomulagi.

ATH. Fyrri eigendur virðast ekki hafa leitað eftir samþykki byggingaryfirvalda á breytingum sem gerðar hafa verið á húsnæðinu eins og það er sýnt á gildandi teikningu, teikningu Glámu / Kim dags. 26-04-99 samþ. í apríl 2001. En þar er gerð grein fyrir stafsemi „Ostamansins“.

Breytingar sem meðfylgjandi teikningar sýna, sýna framleiðslu eldhús fyrir pitsur, afgreiðslu fyrir „take away“ afgreiðslu, veitingastað með bar og snyrtingum og aðstöðu fyrir starfsfólki.

Innrétting / fyrirkomulag hefur verið unnið í samráði við heilbrigðiseftirlit.

Helstu breytingar miðað við samþ. teikningu eru: Innréttaðar snyrtingar í tengslum við veitingasal. 3 snyrtingar þar af ein innréttuð með þarfi hreyfihamlaðra í huga. Veitingasalur (52 manna) ásamt bar innréttuð í norð austur hluta eignarinnar.

Snyrting/ fataherbergi og kaffiaðstaða innréttuð í suð-austur hluta eignarinnar.

Aðstaða fyrir matarframleiðslu, þ.e. undirbúningur, eldun og uppþvottar-aðstaða ásamt matvæla geymslu í suð-vestur hluta eignarinnar.

Afgreiðsla fyrir pantanar úr húsi (take away), ásamt ræstingu staðsett fyrir miðju húsi.

Ræstingar aðstaða fyrir bar og veitingasal staðsett við bar.

Aðkoma fyrir hreyfihamlaða er um ramp/ hurð á norður hlið eignarinnar.

GRUNNMYND 1 HÆÐ. MKV. 1:100.

Brunavarnir yfirfarar

SAMANTEKT á BRUNAVÖRNUM HÚSSINS

Almennt um húsið  
Um er að ræða veitingastað á 1. hæð hússins. Þessi texti nær einungis yfir veitingastaðinn.

Aðkoma slökkviliðs  
Tæki slökkviliðs hafa greiðan aðgang að veitingastaðnum frá Strandgötu.

Brunaður burðarvirki  
Meginburðarvirki hússins er úr steinsteypu og áætlast að hafa brunapól R 60.

Brunahólf  
Veitingastaðurinn er í einu brunahólfi og hólfaður frá öðrum rýmum hússins með EI 60 brunahólfun.

Flóttaleiðir  
Úr veitingasal eru tvær flóttaleiðir beint út undir bert loft. Ein flóttaleið er úr „take away“ afgreiðslu og ein úr vinnstúrmi gegnum vörumótöku.

Hurðir í flóttaleiðum úr veitingasal er hægt að opna með einu handtaki í samræmi við ákvæði IST EN 179. Allar hurðir í flóttaleiðum er hægt að opna án lykils eða áhalds. Flóttaleiðir eru sýndar á grunnmyndum af veitingastaðnum.

Klæðningar  
Allar nýjar klæðningar veggja og lofta verða í flokki 1 B-s-1,00 og gólfefni í flokki Cf1-s1.

Brunaviðvörnarkerfi  
Í veitingasalnum verður sjálfvirk brunaviðvörnarkerfi tengt inn á víðurkennda vaktstöð. Kerfið er víðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar HMS og IST EN 54. Stjórnsið brunaviðvörnarkerfis er í gangi milli bars og eldhúss. Við stjórnsiðina verður sett upp fyrirtakmynd af kerfinu. Kerfið verður þjónustað af aðila víðurkenndum af HMS.

Neýðarlýsing og út- ljós  
Neýðarlýsing, sjálfýsandi merkingar og ÚT-ljós eru í veitingastaðnum í samræmi við, leiðbeiningar HMS við greinar 9.4.12 og gr. 9.5.11 í byggingareglugerð 112/2012. Staðsetning ÚT-ljósa er sýnd á grunnmynd.

Loftræsing  
Brunavarnir loftræsikerfa veitingastaðarinn verða hannaðar í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar og DS 428. Við brunabót skulu loftræsikerfin stöðvast. Loftræsikerfin eiga ekki að bera eld eða reyk milli brunahólfa. Loftræsir frá háfi yfir eldunaraðstöðu og frá pizzaofni skulu vera með brunatæknilega víðurkenndum samsetningum og ganga órofnar út. Þær skulu vera úr EI 30 B-s1,00 efnum.

Slökkvitæki  
Á veitingastaðnum verða handslökkvitæki í samræmi við gr. 9.4.4. í byggingareglugerð og leiðbeiningar HMS nr. 165 BR1. Eitt tæki við aðalútgang úr veitingasalnum, annað á barnum. Þessi tæki skulu t.d. vera 9 litra léttvatnstæki. Í eldhúsinu skal vera slökkvitæki fyrir feitselda og eldvarnarteppi.

Reyklosun  
Hægt verður að reyklosa veitingastaðinn um dyr og glugga á byggingunni.

Brunapéttingar  
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstöku brunapéttingum á víðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera víðurkennd af HMS.

Víðhald og eftirlit  
Um eftirlit með brunavörnum á veitingastaðnum gildir reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

Tákn teikninga:

REI-60 táknar brunamótstöðu viðkomandi byggingar hluta.

REI-90 táknar brunamótstöðu viðkomandi byggingar hluta.

EICS-30/60 táknar brunamótstöðu viðkomandi byggingar hluta.

R táknar reykskynjari.

BO táknar björgunarop.

LR táknar loftræsting.

GN táknar gólfniðurfall.

→ táknar stjórnsið brunaviðvörnarkerfis.

→ táknar rýmingarleið samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

BO. táknar björgunarop, samkv. reglugerð um brunavarnir og brunamál.

shs 30.04..24

Breytingar:			
Efn:		Daga	Telku

Strandgata 75 Hafnarfirði.  
(Eignarhluti 01-02)

Landnúmer: 122433

Aðaluppdráttur: Númer:

Efni: Grunnmynd, útlitamyndir, skýringar.  
Mælikvæði: 1 : 100.  
Frumstærð blaðs: A2  
Teiknad: Sig. Þ.  
Yfirleiti: V.Þ.S.  
Dagsetning útgáfu: 14-12-2023

STH. teiknistofan ehf.  
Artun aðalhönnuðar: Strandgötu 11, 220 Hafnarfirði, Kt. 510298-2769, Sími 5651510, teiknistofan@stnvet.is

Stjórnun: Svabur Þorvaldsson byggingarfræðingur bfi. kt. 141250-4189

ÚTLIT NORÐ-AUSTUR. MKV. 1:100.

ÚTLIT NORÐ-VESTUR. MKV. 1:100.